

Nd.

829. Breytingartillögur

[295. mál]

við frv. til l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

2. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.